

18. apríl 1974.

125

Nr. 71.

REGLUGERÐ

um bann við þorsk-, ýsu- og ufsaveiðum með nót.

1. gr.

Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

2. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. getur sjávarútvegsráðuneytið veitt sérstök leyfi til þorskveiða með hringnót bátum undir 55 smálestum, sem stundað hafa þessar veiðar að marki á árunum 1971, 1972 og 1973. Gildir þetta til ársloka 1974 og getur ráðuneytið bundið leyfin þeim skilyrðum, sem þurfa þykir.

3. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 1. gr. laga nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 24 7. febrúar 1973 um bann við þorsk-, ýsu- og ufsaveiðum með nót.

Sjávarútvegsráðuneytið, 18. apríl 1974.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Dórður Ásgeirsson.